

Kveikjur út frá skynjun, sköpun og útinám

Leikrit

Búa til leikrit út frá sögunni. Ákveða sviðsmyndina, á að nota green-screen, puppet pals, leiksvið, úti, inni eða eitthvað annað? Finna og deila út hlutverkunum sem koma fram í sögunni og útbúa búninga. Ákveða hvað á að koma fram og hvað persónurnar eiga að segja. Æfa nokkrum sinnum og svo að lokum sýna. Hægt að skipta niður í nokkrar stundir.

Tilraunir með skynjun

Hægt er að gera tilraunir með skynjun sem kemur fram í sögunni t.d. slá, hlæja, róa, draga upp, hrasa, sprengja blöðru.

- Þegar við erum að slá hvað heyrir þá?
 - Slá eigin maga – hvað finnum við? Hægt að slá misfast.
 - Slá á mismunandi efnivið í umhverfinu úti og inni.
- Þegar við erum að hlæja hvernig líður okkur?
 - Finnum við fyrir því innra með okkur?
 - Hvaða líffæri erum við að nota?
 - Hvað hreyfist?
 - Hvaða tilfinningar finnum við?
 - Fara í hláturjoga
 - Er munur þegar við hlæjum í alvörunni og þegar við hlæjum í þykjustunni?
- Hvaða hreyfingu erum við að gera þegar við róum?
 - Prófa að finna spýtur og setja upp þykjustu bát (ef við höfum ekki aðgengi að alvöru bát og árum).
 - Hvernig er að róa? Hvernig beitum við líkamanum?
 - Prófa að nota spýtu til að hreyfa við vatni? Getum búið til árar eða t.d. notað skóflu. Hver er munurinn á því að nota spýtu og að nota skóflu (ár)? Hvað gerist í vatninu?
- Draga upp misþunga byrði
 - Lyfta upp misþungum pokum, kössum eða einhverju öðru sem börnunum dettur í hug.
 - Prófa að lyfta í vatni og á landi. Hægt að nota bala með vatni til að geta gert samanburð. Hvort er auðveldara?
- Hvenær hrösum við?
 - Gangi á sléttu og ójöfnu undirlagi bæði úti og inni. Finna mismunandi undirlög.
 - Prófa að láta okkur detta, t.d. á dýnu eða gras? Fer eftir hvað börnin treysta sér til.

- Sprengja blöðru.
 - Hvað er blaðra?
 - Hvað heyrir þegar við sprengjum blöðru?
 - Hvernig líður okkur þegar blaðran springur nær og fjær?
 - Hvað getum við notað til að sprengja blöðru?
 - Þarf ekki að vera gúmmíblaðra, getur líka verið bóluplast eða eitthvað annað.